

Alþingi
Erindi nr. P 140/98
komudagur 11.11.2011



Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

IÐNAÐARRÁÐUNEYTI

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 8500 bréfasími: 562 1289
postur@idn.stjr.is
www.idn.stjr.is

Reykjavík 11. nóvember 2011
Tilv.: IDN11100038/0.2.1

Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, þingskjal 7 -7. mál fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012.

Umsögn iðnaðarráðuneytis um tillögu um eflingu græns hagkerfis á Íslandi

Iðnaðarráðuneytið styður auknar áherslur til eflingar græns hagkerfis á Íslandi og tekur undir markmið og stefnumótandi áherslur sem fram koma í þingsályktunartillögunni. Fjöldi verkefna sem unnin eru í ráðuneytinu tengjast vinnu við eflingu græna hagkerfisins og má þar nefna viðfangsefni á sviði orkumála svo sem Grænu orkuna, orkuskipti í samgöngum, gerð rammaáætlunar og orkustefnu svo dæmi séu nefnd. Í annarri stefnumótunavinnu ráðuneytisins verður efling græns hagkerfis áherslumál og má þar nefna gerð atvinnustefnu sem unnin er í samstarfi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Ráðuneytið gegnir því veigamiklu hlutverki við eflingu græns hagkerfis og mun vinna markvisst að eflingu þess með hagsmunaaðilum.

Iðnaðarráðuneytið fjallar um eftirfarandi tillögur nefndar um eflingu græna hagkerfisins:

Tillaga nr. 19. *Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins verði falið að vinna að stofnun og rekstri Græns fjárfestingarsjóðs í samstarfi við innlenda og erlenda fjárfesta. Hlutverk sjóðsins verði að fjárfesta í umhverfistækni og umhverfisvænni starfsemi .*

Í ljósi takmarkaðs aðgengis að áhættufjármagni og erfiðum markaðsaðstæðum er brýnt að unnið sé markvisst að því að auka aðgengi íslenskra fyrirtækja að áhættufjármagni. Undanfarið hefur Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordic Innovation) og Evrópski fjárfestingasjóðurinn (European Investment Fund, EIF) unnið tillögu um stofnun norræns sjóðs sem ætlað er að fjárfesta í norrænum nýsköpunarfyrirtækjum, aðallega á sviði heilbrigðis-, upplýsinga- og umhverfistækni auk nýrra lausna á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Framangreind fjárfestingasvið eru þó ekki endanlega staðfest en áherslur sjóðsins munu að öllum líkindum byggja á áherslum um grænt hagkerfi á Norðurlöndunum.

Á fundi norrænna atvinnuáráðherra í Helsinki 13. október sl. kynnti fulltrúi EIF tillöguna við góðar undirtektir. Stofnun sjóðsins er nú til umfjöllunar hjá Norðurlöndunum þar sem skuldbindingar landanna eru í skoðun, útfærsla varðandi framkvæmd og fjárfestingaáherslur. Það skal tekið fram að fjárfestingar sjóðsins í hverju landi munu nema að lágmarki heildarframlagi hvers lands til sjóðsins. Ef stofnun sjóðsins verður samþykkt af öllum Norðurlöndunum verður til öflugur áhættufjárfestir

sem horfir fyrst og fremst á grænar vaxtargreinar á Norðurlöndunum. Með samstarfi landanna og EIF verður að auki mögulegt að laða að alþjóðlega fjárfesta til að fjárfesta í norrænum nýsköpunarfyrirtækjum.

Fulltrúar Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar og EIF hafa kynnt hugmyndir um sjóðinn fyrir iðnaðarráðuneyti og sérfræðingum á sviði áhættufjármögnunar. Mat iðnaðarráðuneytis er að mikil tækifæri felist í stofnun sjóðs af þessu tagi fyrir íslensk fyrirtæki. Áherslur sjóðsins falli jafnframt vel að hugmyndum um græna hagkerfið og þá sérstaklega tillögu nefndar nr. 19 um stofnun græns fjárfestingasjóðs í samstarfi við innlenda og erlenda fjárfesta. Þannig geti tilgangur og markmið tillögunnar náðst með þátttöku Íslands í stofnun sjóðsins.

Tillaga nefndar nr. 20. *Efnt verði til fimm ára átaksverkefnis til að auka erlendar fjárfestingar í grænni atvinnustarfsemi, m.a. með því að nýta heimild í 15. gr. laga nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga. Við val á verkefnum verði skilgreiningar BLS á grænum störfum lagðar til grundvallar. Átakið feli m.a. í sér hagræna greiningu á grænu hagkerfi á Íslandi, val áherslusviða, kortlagningu vænlegra fjárfesta, kynningu og markaðssetningu.*

Iðnaðarráðuneytið í samvinnu við efnahags- og viðskiptaráðuneytið vinnur að undirbúningi stefnumótunar um erlenda fjárfestingu og mun hafa tillögur nefndarinnar til hliðsjónar.

Tillaga nefndar nr. 21. *Lögum nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, verði breytt þannig að heimilt verði að víkja frá stærðarmörkum skv. grein 5e þegar um er að ræða verkefni sem falla að skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna og BLS á grænum störfum og grænu hagkerfi.*

Í 5. gr. laga nr. 99/2010 segir að árleg velta vegna viðkomandi verkefnis þurfi að vera a.m.k. 300 m.kr. eða að fjárfestingin skapi að lágmarki 20 ársverk á fyrstu tveimur árum verkefnisins. Hvað tillöguna varðar vísar iðnaðarráðuneytið í athugasemdir sem gerðar voru við vinnslu lagafrumvarpsins. Þar kemur m.a. fram að með lögunum verði tryggt að eingöngu sé veitt ívilnun til fjárfestingaverkefna sem leiði til raunverulegrar eflingar á íslensku atvinnulífi og hafi jákvæð efnahagsleg jafnt sem samfélagsleg áhrif í för með sér. Með því móti er tryggt að fjárfestingaverkefni séu af þeirri stærð að þau hafi merkjanlega efnahagslega þýðingu og séu þar af leiðandi líkleg til að efla í raun íslenskt atvinnulíf. Hafa ber í huga að því ríkisaðstoðarkerfi sem lagt er til í lögunum er ekki ætlað að ná til allra hugsanlegra fjárfestingaverkefna í landinu, óháð stærð og efni, og er því með ákvæðinu settur ákveðinn þröskuldur varðandi umfang verkefnis. Iðnaðarráðuneytið bendir einnig á að samkvæmt skilgreiningu á litlu fyrirtæki, sbr. 3. gr. laganna, getur hluti lítilla fyrirtækja fallið undir þetta ákvæði. Hvað frekari rökstuðning varðar vísar ráðuneytið í athugasemdir við lagafrumvarp um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi.

Tillaga nr. 22. *Lögum nr. 106/1999, um Byggðastofnun, verði breytt þannig að stofnunin hafi sjálfbæra þróun að leiðarljósi og flétti áherslur græns hagkerfis inn í starfsemi sína, lánveitingar, vaxtarsamninga og annað samstarf við atvinnuþróunarfélög.*

Síðsumars 2011 hófst vinna hjá iðnaðarráðuneyti við samþættingu á starfsemi þriggja stofnana þess, þ.e. Byggðastofnunar, Ferðamálastofu og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Í þeirri vinnu verður tekið mið af áherslum nefndar um græna hagkerfið þar sem sjálfbær þróun verður höfð að leiðarljósi og áherslur græns hagkerfis fléttaðar í starfsemi stofnananna.

Tillaga nr. 23. *Tryggt verði að hægt verði að sækja á einn stað upplýsingar og ráðgjöf um styrki til grænnar nýsköpunar, jafnt frá íslenskum, norrænum, evrópskum og alþjóðlegum sjóðum.*

Iðnaðarráðuneytið vinnur nú að einföldun stoðkerfis þriggja stofnana sem undir það heyra, þ.e. Byggðastofnunar, Ferðamálastofu og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Markmiðin eru fyrst og fremst að bæta þá þjónustu sem veitt er auk þess að nýta betur starfsfólk og þekkingu innan stofnananna.

Ráðuneytið hefur fyrst og fremst lagt áherslu á samþættingu þeirrar starfsemi sem styður við nýsköpun og atvinnuþróun svo það stoðkerfi sem undir ráðuneytið heyrir verði skilvirkt og aðgangilegt þeim sem þurfa á þjónustunni að halda. Nú þegar hefur vefurinn www.atvinnuvegurinn.is verið opnaður en hann er leiðarvísir um þjónustuframboð stofnana ráðuneytisins þar sem finna má upplýsingar um innlenda og erlenda styrki. Í þeirri samþættingarvinnu sem nú stendur yfir mun iðnaðarráðuneytið skoða sérstaklega hvernig bæta megi upplýsingagjöf um ráðgjöf og styrki til grænnar nýsköpunar. Einföldun stoðkerfis stofnana ráðuneytisins og vefsíðan www.atvinnuvegurinn.is eru mikilvæg skref í þessa átt.

Tillaga nr. 18. *Settur verði á fót Grænn samkeppnissjóður sem deild í Tækniþróunarsjóði, sem styrki verkefni á sviði umhverfisvænnar nýsköpunar með sérstöku tilliti til skilgreininga Sameinuðu þjóðanna og BLS á grænum störfum og grænu hagkerfi.*

Iðnaðarráðuneytið leggur ríka áherslu á að ein besta leiðin til eflingar nýsköpunar í landinu sé með eflingu Tækniþróunarsjóðs. Ráðuneytið tekur því undir þær hugmyndir nefndarinnar að vægi sjóðsins verði aukið varðandi áherslur um grænt hagkerfi. Tillaga þess efnis að settur verð á fót grænn samkeppnissjóður sem deild innan Tækniþróunarsjóðs þarfnast þó frekari skoðunar. Ráðuneytið telur ákjósanlegri kost að í stað nýrrar deildar innan sjóðsins verði Tækniþróunarsjóður eflur með auknu fjármagni og áhersla lögð á „græn matsviðmið“ þegar umsóknir eru metnar. Upplýsingagjöf um hvernig viðkomandi verkefni tekur mið af kröfum græna hagkerfisins verði einnig efl. Þannig hljóti verkefni sem uppfylla skilyrði græna hagkerfisins aukið vægi í úthlutun sjóðsins. Einnig má benda á að þegar hafa fjölmörg verkefni hlotið stuðning frá sjóðnum sem falla undir skilgreiningu græns hagkerfis og líklegt að vægi þeirra aukist á komandi misserum. Því er mikilvægt að nýjar áherslur og beytingar á Tækniþróunarsjóði séu vel ígrundaðar. Aukið fjármagn til sjóðsins og auknar kröfur um græn matsviðmið umsókna er góð leið til að vinna að markmiðum nefndarinnar.

Tillögur nr. 26, 42, 43, 44 og 45.

Ráðgert er að iðnaðarráðherra muni á næstunni leggja fyrir Alþingi skýrslu og aðgerðaáætlun um orkuskipti í samgöngum í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var þann 7. júní 2011.

Iðnaðarráðuneytið gerir ekki frekari athugasemdir við einstakar tillögur eða aðgerðaáætlun á þessu stigi.

Fyrir hönd ráðherra


Kristján Skarphéðinsson


Elvar Knútur Valsson